



Grindavíkurbær

STARFSMANNASTEFNA

Samþykkt sem tillaga til bæjarstjórnar
á 1000. fundi bæjarráðs Grindavíkur 06.03.2002

Staðfest í bæjarstjórn Grindavíkur 13. mars 2002
Með breytingum til 15.01.2011

Efnisyfirlit

Markmið.....	3
Stjórnun.....	3
Siðareglur.....	3
Upplýsingar.....	3
Vinnuframlag og þjónustuvitund	3
Vellíðan og öryggi	4
Samkeppni.....	4
Skipulag starfsmannahalds.....	4
Launastefna	4
Starfslýsingar	5
Ráðningar.....	5
Þjálfun og menntun	5
Heilsuefling.....	6
Starfsaldurstengdar viðbótargreiðslur	6
Starfsþróun og starfsframi.....	6
Notkun tóbaks og vímuefna	7
Fjarvistir vegna veikinda.....	7
Starfið og fjölskyldan.....	7
Starfslok vegna aldurs.....	7
Starfslok vegna verkefnaskorts, hagræðingar, sjúkdóms eða annarra orsaka.....	7
Starfslok vegna vanrækslu, lélegs vinnuframlags, óstundvísi, óskilgreindra fjarvista, ölvunar og/eða vímu	8
Starfslok vegna sérstaklega alvarlegra brota t.d. brots á þagnarskyldu af ásettu ráði, auðgunarbrot, ofbeldis o.þ.h.....	8
Verkstjórn	8
Kjarasamningar	8

Markmið

Markmið með starfsmannastefnu Grindavíkurbæjar er að marka ramma um framlag starfsmanna og þjónustuvitund annars vegar og góð vinnuskilyrði hins vegar þannig að Grindavíkurbær hafi ávallt á að skipa hæfum og áhugasömum starfsmönnum, sem geta veitt góða þjónustu og brugðist við síbreytilegum þörfum bæjarbúa.

Lögð er áhersla á samvinnu milli starfsmanna á öllum stigum starfseminnar og vellíðan á vinnustað, öryggi, þróun og jafnrétti þannig að ávallt megi laða hæfa umsækjendur að lausum störfum.

Starfsmannastefnan gerir ráð fyrir að jafnrétti kynjanna til starfa og í launum sé í heiðri haft hjá Grindavíkurbæ.

Stjórnun

Stjórnkerfi Grindavíkurbæjar skal vera vel skilgreint og ábyrgðarskipting skýr.

Bæjarstjórn Grindavíkur markar stefnu varðandi þjónustu og verkefnaval. Nefndir og ráð bæjarins eru stefnumarkandi og eftirlitsaðilar með framkvæmd þeirra samþykktu sem gerðar eru fyrir einstaka málaflökka. Kjörnir fulltrúar hafa ekki afskipti af daglegum störfum starfsmanna eða verkstjórn.

Bæjarstjóri fer með framkvæmdavald bæjarins og er ábyrgur fyrir gerðum þeirra starfsmanna sem starfa hjá Grindavíkurbæ og stofnunum bæjarins.

Markmið stjórnunar er að fylgja eftir stefnum bæjarstjórnar og þeim lögum og reglum sem ná til starfseminnar og samhæfa úrlausn viðfangsefna og þjónustu við bæjarbúa á grundvelli valddreifingar.

Grindavíkurbær þarf á stjórnendum að halda sem sýna í verki að þeir uppfylla þau meginskilyrði sem lýst er í þessari starfsmannastefnu. Stjórnendur skulu beita stjórnunaraðferðum sem taka tillit til aðstæðna og þarfa einstaklingsins. Ætlast er til þess af stjórnendum og öðrum starfsmönnum að þeir ræði hin ýmsu sjónarmið á opinn og hreinskilinn hátt. Einlægni frá hendi allra starfsmanna er nauðsynleg til þess að tryggja virka og örugga samvinnu.

Siðareglur

Starfsmönnum ber að fylgja stjórnarsýslulögum og öðrum lögum og reglum er varða starfssvið þeirra. Þeir skulu sýna algjöran trúnað í samskiptum sínum við bæjarbúa og aðra þá aðila sem eiga samskipti við Grindavíkurbæ og stofnanir hans. Starfsmenn skulu ekki þiggja greiðslur eða önnur verðmæti frá viðskiptavinum sem túlka má sem greiðslu fyrir greiða.

Upplýsingar

Lögð er áhersla á að starfsmenn séu vel upplýstir um allt er varðar starfsemi og þjónustu á vegum bæjarfélagsins. Ætlast er til þess að starfsmenn séu áhugasamir um að afla sér nauðsynlegra upplýsinga og taki frumkvæði í þeim efnum.

Lögð er áhersla á að öll upplýsingakerfi bæjarfélagsins séu eftir nýjustu tækni á hverjum tíma og að starfsmenn kunni að nýta sér þau.

Starfsmaður sem óskar eftir upplýsingum hjá stjórnanda á alltaf heimtingu á að fá ítarlegt svar við spurningu sinni.

Lögð er áhersla á jákvæð og greið boðskipti milli starfsmanna, kjörinna fulltrúa og bæjarbúa.

Vinnuframlag og þjónustuvitund

Starfsmönnum ber að sýna ábyrgð í störfum sínum, frumkvæði og gott viðmót gagnvart bæjarbúum og öðrum sem leita eftir þjónustu eða eiga erindi til bæjarins.

Starfsmenn eiga að vinna með öruggum og skjótum hætti að úrlausn viðfangsefna. Grindavíkurbær ætlast til þess af öllum starfsmönnum að þeir leysi verkefni sín í anda samstarfs og að þeir taki virkan þátt í þroskandi samstarfsverkefnum.

Starfsmenn skulu mæta stundvíslega til starfa þannig að þeir sem leita eftir þjónustu bæjarins geti náð sambandi við starfsmenn á auglýstum opnunartíma. Þurfi að gera breytingu á vinnutíma skal viðkomandi starfsmannahópi gefið tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum. Taka ber tillit til athugasemdanna að svo miklu leyti sem það stríðir ekki gegn hagsmunum heildarinnar.

Velliðan og öryggi

Velliðan starfsmanna skiptir Grindavíkurbæ miklu máli. Starfsmannastefna á þess vegna að tryggja að rúm sé fyrir mismunandi hæfileika starfsmanna.

Starfsmaðurinn á að geta haft áhrif á sitt eigið vinnuumhverfi með því að yfirmaður hans feli honum að taka þátt í ákvarðanatöku sem skiptir máli fyrir starfsmanninn. Það ýtir undir ábyrgðarkennd og velliðan starfsmanns á vinnustað.

Grindavíkurbær leggur áherslu á öryggi í starfi.

Sé yfirmaður óánægður með framkomu, vinnuframlag eða atferli starfsmanns, ber honum skylda til þess að segja starfsmanninum þetta svo tryggt sé að starfsmaður viti um mat það sem lagt er á vinnu hans. Truflandi ummæli og hegðun sem ögrar eða veldur óþægindum verður ekki umborin.

Það er einnig eðlilegur hluti af starfsmannastefnunni að sérhverjum starfsmanni ber að segja yfirmanni sínum ef honum finnst hegðun eða atferli hins síðarnefnda vera móðgandi eða ósanngjarnt. Hreinskilnin ein getur tryggt andrúmsloft öryggis og velliðunar á vinnustað.

Mál er varða öryggi starfsmanna á vinnustað eru í höndum Öryggisnefndar, sbr. grein 6.4.2 í kjarasamningi STFS og Launanefndar, sem starfar í samræmi við gildandi reglur.

Samkeppni

Grindavíkurbær á í samkeppni við önnur sveitarfélög um að veita íbúum sínum og atvinnufyrirtækjum góða þjónustu. Svo bæta megi stöðu Grindavíkur í þessari samkeppni þarf ætíð að tryggja að vinnuaflíð nýtist sem best.

Bæjarstjórn, nefndir og starfsmenn þurfa að vera vakandi fyrir nauðsynlegri nýsköpun þjónustunnar og hverskonar endurnýjun og aðlögun að kröfum tímans.

Skipulag starfsmannahalds

Bæjarskrifstofa Grindavíkur annast allt starfsmannahald á vegum bæjarins og stofnana hans. Ráðningar stjórnenda skulu unnar í samráði við bæjarstjóra og ráðningar annarra starfsmanna í samráði við viðkomandi stjórnanda og með aðstoð starfsmanna launadeildar. Launaútreikningar fara fram á bæjarskrifstofu og starfsmenn launadeildar aðstoða við túlkun kjarasamninga. Leitast skal við að veita starfsmönnum sem bestar upplýsingar um þau starfskjör sem í gildi eru.

Allar upplýsingar um starfsmenn vegna ráðningar og starfa hjá bænum skulu varðveittar tryggilega á bæjarskrifstofu og í skýrslukerfi bæjarins.

Launastefna

Grindavíkurkaupstaður hefur falið Launanefnd sveitarfélaga að annast kjarasamningagerð við stéttarfélög starfsmanna sinna.

Starfslýsingar

Starfslýsingar skulu vera til fyrir alla stjórnendur sem skilgreina vald- og ábyrgðarsvið þeirra. Óski starfsmaður eftir því að gerð sé starfslýsing fyrir starf hans og ábyrgðarsvið, skal að jafnaði orðið við slíkri ósk. Gera skal starfslýsingar fyrir nýjar stöður og í tengslum við breytingar á störfum.

Ráðningar

Grindavíkurbær leitast við að ráða starfsmenn sína til frambúðar. Starfsmenn geta því haldið störfum sínum, svo fremi að vinnuframlag þeirra sé fullnægjandi og samstarfið við aðila í starfsumhverfi þeirra sé gott.

Ef einhver óvissa ríkir um lengd ráðningartímans, við upphaf starfs, þá ber að gera varðandi starfsmanni grein fyrir þessum aðstæðum áður en hann er ráðinn.

Þegar um skammtímaráðningar eða beinlínis tímabundnar ráðningar er að ræða, skal starfsmanni gerð skýr grein fyrir tímallengd ráðningar eða umfangi verksins, þegar hann er ráðinn til starfsins.

Þegar starf er laust skal kannað í samráði við trúnaðarmann, hvort aðstæður sem eru tæknilegs eða stjórnunarlegs eðlis geti eytt þörfinni fyrir starfið.

Við ráðningar í stöður skal gilda sú meginregla að í þær sé ráðið samkvæmt hlutlægu mati á því hvaða umsækjandi sé hæfastur til starfans.

Starfsmönnum Grindavíkurbæjar skal veittur forgangur að lausum störfum hjá bænum, enda standi viðkomandi jafnfætis utanaðkomandi umsækjendum hvað varðar hæfni bæði faglega og persónulega.

Allir umsækjendur, sem starfa hjá bænum, geta beðið um viðtal varðandi umsókn sína og farið fram á rökstuðning á hugsanlegri höfnun.

Allar stöður skulu auglýstar, á áberandi hátt, bæði utan- og innanhúss, þannig að allir sem áhuga hafa eigi möguleika á því að skila inn umsókn.

Móttaka og kynning nýrra starfsmanna skal miða að því að setja viðkomandi inn í starfsumhverfi bæjarins – bæði hið faglega og hið félagslega – svo að starfsmaðurinn fari fljótt að kunna vel við sig og inni starf sitt vel af hendi.

Þjálfun og menntun

Grindavíkurbær leggur mikið upp úr góðri menntun, reynslu og færni starfsmanna sinna. Menntun sú sem fjármögnuð er af Grindavíkurbæ á fyrst og fremst að fullnægja þörfinni fyrir mjög hæfa starfsmenn, bæði hvað varðar faglega kunnáttu og starfshæfni. Almenn þarf slíkt nám að geta komið að gagni innan bæjarstarfseminnar, annað hvort í tengslum við núverandi stöðu starfsmanns eða sem liður í langtímaáætlun.

Gefa skal starfsmönnum kost á endurmenntun til þess að viðhalda og auka þekkingu sína og færni. Starfsmönnum ber að taka þátt í faglegu námi er snertir starf þeirra, ef vinnuveitandi óskar þess.

Fyrir utan faglegt nám skal starfsmaður, í einhverjum mæli, eiga þess kost að taka þátt í námi er eykur almenna þekkingu hans. Í tengslum við sérstakar skipulagsbreytingar skal starfsmönnum að jafnaði gefinn kostur á endurmenntun, sem veitir möguleika á flutningi til annarra starfa.

Réttur til leyfis frá störfum, til að sinna menntun á eigin vegum, fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

Heilsuefling

Grindavíkurbær styrkir þá starfsmenn bæjarins sem vilja stunda reglubundna líkamsrækt með fjárframlagi á móti árgjaldi eða námskeiðsgjaldi að hámarki 20.000¹ krónur á ári.

Starfsmenn í hlutastarfi fá framlag miðað við hlutfall starfs.

Greiðsla styrkja fer fram hjá launafulltrúa Grindavíkurbæjar gegn framvísun kvittunar á greiðslu. Kvittanir sem berast fyrir 20. hvers mánaðar greiðast um næstu mánaðarmót.^{2, 3, 4}

Starfsaldurstengdar viðbótargreiðslur

⁵[...] ⁶

Þeir starfsmenn sem eru í föstu starfi hjá Grindavíkurbæ fá eingreiðslu er þeir ná tilgreindum fjölda starfsára hjá sveitarfélaginu, sbr. neðangreinda töflu. Ná starfsmaður tilskildum starfsárafjölda til og með 31. ágúst liðandi árs, kemur greiðslan til framkvæmda 1. september það ár. Að öðrum kosti bíður greiðslan til næsta árs. Greiðslurnar koma fyrst til framkvæmda 1. september 2009 og síðan 1. september ár hvert gagnvart þeim starfsmönnum sem ná tilgreindum starfsárafjölda hverju sinni. Greiðslurnar miðast við 100% starfshlutfall og sé starfsmaður í skertu starfshlutfalli skulu greiðslurnar greiddar að tiltölu við starfshlutfallið. Hver starfsmaður fær því greiðslu samkvæmt þessu á fimm ára fresti.

Eftir 5 ár í starfi	35.000
Eftir 10 ár í starfi	50.000
Eftir 15 ár í starfi	75.000
Eftir 20 ár í starfi	100.000
Eftir 25 ár í starfi	100.000
Eftir 30 ár í starfi	100.000 ^{7, 8}

Starfsþróun og starfsframi

Sérhver starfsmaður á að eiga þess kost að þroskast í starfi sínu innan þess ramma sem bærinn hefur til ráðstöfunar. Þetta á sérstaklega við um mat á óskum starfsmanna um tilflutning milli starfa og við ráðningar í nýjar stöður.

Tilfærslur milli starfa geta eflt sjálfsmynd starfsmannsins og aukið skilning hans á að verkefni hjá Grindavíkurbæ þurfa starfsmenn að leysa í sameiningu. Með þessu móti má vinna gegn tilhneigingu til einangrunar, sem er skaðleg fyrir sameiginlegan starfsárangur.

Það er litið mjög jákvæðum augum hjá Grindavíkurbæ að starfsmenn auki færni sína í starfi með stöðuhækkun í huga. Auk beinna krafna um hæfni, skulu stjórnendur taka mannlega eiginleika starfsmanna með í reikninginn þegar möguleikar til starfsframa eru metnir.

Til þess að koma til greina við ráðningu í starf yfirmanns þarf starfsmaður að hafa hæfileika til stjórnunar og frumkvæðis og hafa sýnt fram á að hann búi yfir hæfni til

¹ 15.12.2010. Hámarksfjárhæð breyt t úr 25.000 í 20.000 kr.

² 10.11.2004. Nýr kafli, „Heilsuefling“ samþykkt í bæjarstjórn.

³ 13.02.2008. Hlutfalli og fjárhæð breytt í bæjarstjórn. Skilyrði um iðkun í Grindavík sleppt.

⁴ 11.01.2012. Kafllinn útvíkkaður, nú duga námskeið og útgreiðsla hjá launadeild

⁵ 13.02.2008. Nýr kafli, „Starfsaldurstengdar viðbótargreiðslur“ samþykktur í bæjarstjórn.

⁶ 11.06.2008. Kafllinn felldur út í þeirri mynd sem hann var.

⁷ 11.06.2008. Nýtt orðalag kafans samþykkt í bæjarstjórn.

⁸ 15.12.2010. Fjárhæðir lækkaðar um 50%.

góðra samskipta við fólk í starfsumhverfi sínu, þannig að ætla megi að viðkomandi sé fær um að koma á og viðhalda góðu andrúmslofti á vinnustaðnum.

Nú hefur starfsmaður fengið nýtt starf og það sýnir sig, eftir hugsanlegan reynslutíma, að viðkomandi muni ekki ráða við starf sitt, þá skal hann vera við því búinn að honum sé fengið annað starf hjá Grindavíkurbæ.

Notkun tóbaks og vímuefna

Markmiðið er að gera starfsmenn meðvitaða um þau áhrif sem reykingar, neysla áfengis og annarra vímuefna geta haft á vinnustaðinn. Óregla í starfi getur leitt til rangra vinnubragða og/eða slysa með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir viðkomandi starfsmann, starfsfólkið í heild og bæjarfélagið. Bæði tjón á líkama og heilsu og fjárhagstjón.

Vinnustaðir Grindavíkurbæjar skulu vera reyklausir. Enginn starfsmaður má vera undir áhrifum áfengis eða vímuefna.

Þess er óskað að hreinskilni ríki í umræðu um áfengi og önnur vímuefni, svo þannig megi koma í veg fyrir að þær aðstæður myndist er leiða til misnotkunar á vinnustað. Heilindi ættu að koma í stað leyndar og misskilinnar tryggðar. Óskað er eftir því að hver einstakur starfsmaður, ekki bara yfirmaður, taki þátt í virku sameiginlegu átaki til þess að stöðva eða hindra misnotkun á þeim tilgangi að starfsmaður haldi starfi sínu.

Fjarvistir vegna veikinda

Fjarvistir starfsmanna draga úr vinnuafköstum. Þær þurfa því að vera eins fáar og mögulegt er.

Þegar veikindaforföll standa yfir í lengri tíma eða fjarvistir verða oft og skamman tíma í senn skal yfirmaður ræða málið við viðkomandi starfsmann. Ef nauðsyn krefur skal ræða málið við trúnaðarmann.

Starfið og fjölskyldan

Grindavíkurbær vill leitast við að skapa starfsfólki sínu aðstæður til þess að samræma kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er. Starfsfólki skal gert kleyft að fara tímabundið í hlutastarf vegna umönnunar sjúkra barna eða fjölskyldu-meðlima.

Starfslok vegna aldurs

Starfsmanni gefst kostur á að vinna til næstu mánaðarmóta eftir að hann nær 70 ára aldri.

Starfslok vegna verkefnaskorts, hagræðingar, sjúkdóms eða annarra orsaka

Ef um er að ræða verkefnaskort, hagræðingu eða aðrar ástæður ber Grindavíkurbæ að kanna möguleika á tilfærslu innan bæjarkerfisins. Takist ekki að finna starfsmanni annað starf hjá bænum mun uppsögn taka gildi eftir að trúnaðarmanni hefur verið gerð grein fyrir málinu.

Ef starfsmaður er ekki fær um að sinna starfi sínu vegna sjúkdóms er ráðningin tekin til endurskoðunar með því m.a. að afla læknisvottorðs. Áður en lagt er til að starfsmanninum verði sagt upp, skal kannað hvort hægt er að finna honum annað starf við hæfi innan bæjarkerfisins. Takist það mun bærinn, ef á þarf að halda, gefa starfsmanninum kost á endurþjálfun.

Starfslok vegna vanrækslu, lélegs vinnuframlags, óstundvísi, óskilgreindra fjarvista, ölvunar og/eða vímu

Vegna ölvunar eða annarrar vímu á vinnustað er veitt skrifleg aðvörun við fyrsta brot. Ítrekuð brot hafa í för með sér brottvikningu úr starfi.

Vegna annarra brota skal stjórnandi fyrst veita starfsmanni áminningu í viðurvist trúnaðarmanns. Þar skal gera viðkomandi starfsmanni grein fyrir því að áframhaldandi brot hafi þær afleiðingar að hann fái skriflega aðvörun, málið verði tilkynnt bæjarstjóra, að starfsmaðurinn verði fluttur til eða honum sagt upp.

Ef nauðsynlegt þykir að vísa viðkomandi starfsmanni úr starfi, er það tilkynnt bæjarstjóra í viðurvist trúnaðarmanns.

Starfslok vegna sérstaklega alvarlegra brota t.d. brots á þagnarskyldu af ásettu ráði, auðgunarbrot, ofbeldis o.þ.h.

Brotið skal þegar í stað tilkynnt bæjarstjóra með tilliti til tímabundinnar brottvikningar úr starfi eða uppsagnar. Málið skal tilkynnt hlutaðeigandi yfirvöldum. Bæjarstjóri skal upplýsa trúnaðarmann um málið.

Verkstjórn

Ábyrgð á verkstjórn hvílir á herðum daglegra stjórnenda og yfirmanna. Það er eðlilegur hluti starfsmannastefnunnar að skipulagning verka fari fram í samráði við starfsmenn þá er málið varðar.

Vinnuaðferðir skulu valdar með tilliti til öryggis- og umhverfisþátta og þannig að hagstæð nýting náist á vinnuafli, mannvirkjum og vélakosti á viðkomandi vinnustað.

Kjarasamningar

Grundvallarréttindi starfsmanna eru tryggð í kjarasamningum. Starfsmannastefnan getur ekki raskað slíkum réttindum.

